

Arctic Running - Náttúruhlaup ehf.

Garðabær, 6. ágúst 2025

202507-0184/I.M.B.

10.10

Efni: Leyfi til viðburðarhalds við Skógafoss - Fimmvörðuhálshlaup

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Arctic Running - Náttúruhlaup ehf, dagsett 30. júlí 2025, um leyfi til viðburðarhalds vegna Fimmvörðuhálshlaups innan marka náttúruvættisins Skógafoss þann 9. ágúst 2025.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 477/1987](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt [stjórnunar og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir íþróttaviðburðinum, Fimmvörðuhálshlaupið, innan marka náttúruvættisins Skógafoss þann 9. ágúst 2025. Settir verða upp sk. strandfánar á tjaldsvæðinu við Skógafoss og er hlaupaleiðin merkt með litlum fánum, daginn fyrir keppni, sem eru tíndir upp að keppni lokinni. Einnig verður settu upp tímatökubúnaður við upphafsstað hlaupsins á tjaldstæðinu að morgni og tekið niður þegar keppendur hafa lagt af stað kl. 9:30. Tveir starfsmenn viðburðarins munu ganga leiðina á eftir síðasta keppanda og tína upp merkingar og rusl. Gert er ráð fyrir að allt tengt viðburðinum verði farið kl. 13:00. Gert er ráð fyrir 300 keppendum í hlaupinu og 20 starfsmönnum.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur litlar líkur á að hlaupið muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi náttúruvættisins Skógafoss. Gestir svæðisins geta orðið fyrir truflun en sé hlaupið eftir merktum gönguleiðum og farið eftir skilyrðum leyfisins ætti rask á náttúruminum og truflun á upplifun annara gesta að vera minni. Náttúruverndarstofnun vekur athygli á því að starfsmenn, ljósmyndarar og kvikmyndatökufólk þurfa einnig að halda sig innan gönguleiða, útsýnis- og áningarstaða.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir Arctic Running - Náttúruhlaup ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir að halda íþróttaviðburðinn Fimmvörðuhálshlaupið við Skógafoss þann 9. ágúst 2025 sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Einungis skal farið eftir merktum göngustígum.
- Keppendur og starfsmenn viðburðarins skulu virða þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Aðstandendur viðburðarins tryggi að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi. Einnig að tryggt verði að merkingar og munir sem notaðir verða í tenglum við viðburðinn verði fjarlægðar strax að honum loknum.
- Þátttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins og tryggi að viðburðurinn valdi eins lítilli truflun fyrir aðra gesti eins og unnt er.
- Óheimilt er að hamla aðgang annarra gesta að svæðinu og/eða teppa umferð á göngustígum/bílastæðum innan svæðisins.
- Afmá skal öll ummerki viðburðarins á svæðinu að honum loknum og vanda skal frágang.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Daginn fyrir keppni skal koma fyrir merkingum við upphaf og endastöð hlaupsins þar sem gestir svæðisins eru upplýstir um fyrirhugaða hlaupakeppni.
- Hámarksfjöldi þátttakenda í hlaupinu/keppninni verði ekki meiri en 300 manns.
- Upplýsa skal ljósmyndara og aðra sem koma á svæðið til að fylgjast með keppninni að óheimilt sé að fara út fyrir göngustíga og vísa þeim á góða ljósmyndatökustaði að höfðu samráði við landverði.
- Aðstandendur viðburðarins tryggi að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, hvorki á/við hlaupaleiðir né á drykkjastöð. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum og skemmdir á gróðri, ef einhverjar verða, lagfærðar.
- Óheimilt er að aka utan vega og skulu starfsmenn sem koma að hlaupinu einungis aka eftir merktum vegum.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spilt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi, viðburði, rannsóknir og athafnir er kr. **62.400**. sbr. 7. gr. a. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni Náttúruverndarstofnunar.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir

sviðstjóri

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

teymisstjóri